



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Mánudaginn 21. nóvember 2016 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinum voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Steindór R. Haraldsson, Inga Rós Sævarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Álagningastuðlar útsvars og fasteignagjalda 2017

Fyrir fundinum lá tillaga að álagningastuðlum útsvars og fasteignagjalda sem sveitarstjórn ræddi. Eftirfarandi álagningareglur voru samþykktar:

#### a) Útsvar

Álagningastuðull útsvars verði 14,52%

#### b) Fasteignagjöld

##### Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) verði **0,50%** af álagningarstofni.

Álagning á opinberar stofnanir (B-flokkur) verði **1,32%** af álagningarstofni.

Álagning á verslunar- og atvinnuhúsnæði verði (C-flokkur) **1,65%** af álagningarstofni.

##### Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði **1,65%** af fasteignamatsverði lóða.

##### Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði **0,3%** af fasteignamati að lágmark 7.000 kr. og á íbúðarhúsnæði að hámarki 30.000 kr.

##### Holræsagjald:

Holræsagjald verði **0,24%** af fasteignamati lóða og mannvirkja

##### Sorphirðugjald /sorpeyðingargjald:

Sorphirðugjald verði **39.350** kr./íbúð fyrir reglubundna sorphirðu og eyðingu. .

Sorpeyðingargjald verði **12.400** kr./sumarhús og íbúðir þar sem ekki er regluleg sorphirða.

Sorpeyðingargjald á hesthús og fjárhús verði **4.400** kr./hús í notkun.

Sorpeyðingargjöld á fyrirtæki verða samkvæmt gjaldskrá.

##### Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.

Lóðaleiga verði **6.000** kr./ha.

### Eftirfarandi reglur gilda umlækkun fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega:

1. Fasteignagjöld verða eingöngu lækkuð af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir. Til viðmiðunar eru allar tekjur viðkomandi, þar með taldar fjármagnstekjur.
2. Fasteignagjöld lækki um allt að kr. 36.000,- hjá:
  - a) Einstaklingum með tekjur allt að 20% yfir óskertar lífeyristryggingar.
  - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 20% yfir óskertar lífeyristryggingar.
3. Fasteignagjöld lækki um allt að kr. 18.000 hjá:
  - a) Einstaklingum með tekjur allt að 50% yfir óskertar lífeyristryggingar.
  - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 50% yfir óskertar lífeyristryggingar.



## 2. Fjárhagsáætlun 2017-2020

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og stofnan fyrir árin 2017-2020 til fyrri umræðu. Sveitarstjóri og oddviti fóru yfir og gerðu grein fyrir helstu forsendum, niðurstöðum og breytum í áætluninni. Sveitarstjórn ræddi áætlunina og fór yfir meginatriði hennar. Samþykkt að vísa áætluninni til annarrar umræðu.

## 3. Félagslegar íbúðir

### a. Umsóknir

Fyrir fundinum lá umsókn um leigu íbúðar. Afgreiðsla skráð í trúnaðarbók.

### b. Sala íbúða

Sveitarstjóri gerði grein fyrir þeim áhuga sem hafi komið fram eftir að allir leigjendur fengu bréf þess efnis að þeim stæði til boða að kaupa íbúðir sem þeir leigja. Ekki lá fyrir fundinum endanlegt verðmat á þeim eignunum sem hafa verið boðnar til sölu en unnið er að því að móta viðmiðunarverð á fermetra á íbúðarhúsnæði sem er á söluskrá og verðmeta hverja eign fyrir sig. Samþykkt að sveitarstjóri leggi fyrir næsta fund ákveðna vinnureglu um verðmat íbúða.

## 4. Byggðakvóti fiskveiðiársins 2016/2017

Fyrir fundinum lá bréf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 31. október 2016. Með bréfinu er tilkynnt um 179 þorskígildistonna byggðakvóta til Skagastrandar og veittur frestur til 30. nóvember nk. til að óska eftir að sett verði sérstök skilyrði um úthlutun kvótans.

Bréfið var til kynningar og sveitarstjóra og oddvita falið að móta hugmyndir að sérstökum skilyrðum og leggja fyrir sveitarstjórn.

Vegna úthlutunar 179 þorskígildistonna byggðakvóta var svohljóðandi bókun samþykkt samhljóða: *Sveitarstjórn Skagastrandar mótmælir harðlega niðurstöðum úthlutunar byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2016-2017. Niðurstaða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis var að úthluta Skagaströnd 179 þorskígildistonnum í stað 300 tonna á síðasta ári.*

*Sveitarstjórn telur þessa úthlutun með öllu óásættanlega og finnst hún stór undarleg sé horft til þess hversu veikt vinnsla og veiðar standa á Skagaströnd. Yfirlýstur tilgangur með úthlutun byggðakvóta er að mæta stöðu sjávarbyggða sem mátt hafa þola samdrátt í veiðum og vinnslu. Ekkert hefur breyst í umhverfi sjávarútvegs á Skagaströnd á milli fiskveiðiára, sem réttlætir þennan samdrátt í úthlutun byggðakvóta.*

*Sveitarstjórn skorar á ráðherra að sjá til þess að úthlutun byggðakvóta í framtíðinni verði með þeim hætti að markmiðum um stuðning við sjávarbyggðir sem orðið hafa fyrir áföllum verði náð.*

## 5. Málefni fatlaðs fólks

### a. Fundargerð Samráðshóps um málefni fatlaðra, 12.10.2016

Fundargerð samráðshópsins var til kynningar.



b. Bréf til velferðarráðherra, dags. 12.10.2016

Með bréfinu óskar samráðshópur um málefni fatlaðs fólks eftir undanþágu frá lágmarksíbúafjölda þjónustusvæða skv. 4. gr. laga nr. 59/1992 með vísan til þess að fyrirhugað sé að halda áfram samstarfi á Norðurlandi vestra um málaflokkinn.  
Bréfið var til kynningar.

c. Tillaga um samstarf um málefni fatlaðs fólks

Svohljóðandi tillaga, dags. 12. október 2016, lá fyrir fundinum:

Starfshópur um samstarf í málefnum fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra sem starfar eftir gr. 11.7 í samstarfssamningi sveitarfélaga um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016 leggur til við aðildarsveitarfélög sammingsins að hann verði endurnýjaður. Sveitarfélagið Skagafjörður verði áfram leiðandi sveitarfélag og veiti fötluðu fólki, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögunum, þjónustu samkvæmt samningi. Starfshópurinn leggur til að gildistími sammings verði þrjú ár.

Sveitarstjórn ræddi tillöguna en hún var síðan samþykkt samhljóða.

d. Skipting á hallarekstri 2016

Fyrir fundinum lá skipting á hallarekstri málefna fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra 2016. Halli af rekstri var 66.380 þús. og skiptist eftir íbúatölu aðildarsveitarfélaga:

Sveitarfélagið Skagafjörður	36.518 þús
Húnaþing vestra	10.724
Blönduóssbær	8.043
Sveitarfélagið Skagaströnd	4.438
Skagabyggð	1.017
Húnavatnshreppur	3.791
Akrahreppur	1.849
	66.380

Sveitarstjórn samþykkti kostnaðarhlutdeild Skagastrandar í hallarekstri málaflokksins.

## 6. Umsagnir um rekstrarleyfi fyrir gistingu

Fyrir fundinum lágu umsóknir um rekstrarleyfi fyrir gistingu þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins.

- Umsókn Kristínar B. Leifsdóttur sem sækir um rekstur gististaðar í íbúð í flokki II fyrir Hjallholt við Fjörubraut.  
Sveitarstjórn gerði ekki athugasemdir við veitingu leyfisins.
- Umsókn Guðrúnar Magnúsdóttur sem sækir um rekstur gististaðar í heimagistingu í flokki I að Hólabraut 26.  
Sveitarstjórn gerði ekki athugasemdir við veitingu leyfisins.



## 7. Bréf:

### a. KSNV, dags. 3. nóvember 2016

Með bréfinu er kynnt ályktun sem samþykkt var á stjórnarfundum KSNV um kjaramál og starf grunnskólakennara og skorað á ríki og sveitarfélög að taka höndum saman og standa vörð um gæði menntunar og að launakjör kennara verði bætt.

Bréfið var til kynningar.

### b. Grunnskólakennara, dags. 4.-7. nóvember 2016

Með bréfinu sem var undirritað rafrænt af 3.142 kennurum er þess krafist að sveitarfélögin bregðist við í kjaramálum kennara.

Vegna bréfa KSNV og grunnskólakennara samþykkti sveitarstjórn svohljóðandi bókun: Samningsumboð Sveitarfélagsins Skagastrandar í kjaramálum er hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sveitarstjórn vonar að kjaradeilan leysist sem allra fyrst á ásættanlegan hátt fyrir alla aðila.

### c. Innanríkisráðuneytisins, dags. 3. október 2016

Tílefni bréfsins sem er stílað á sveitarstjórnir almennt er að skerpa á verklagi sveitarfélaga vegna viðauka við fjárhagsáætlun.

Bréfið var til kynningar.

### d. Innanríkisráðuneytisins, dags. 8. nóvember 2016

Með bréfinu er tilkynnt um framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum fjárhagsárið 2017.

Bréfið var til kynningar.

### e. Mannvirkjastofnunar, dags. 7. nóvember 2016

Með bréfinu er vakin athygli á að ekki liggur fyrir brunavarnaáætlun sveitarfélagsins og veittur þriggja mánaða frestur til að bæta þar um.

Sveitarstjóra falið að koma brunavarnaráætluninni í endanlega vinnslu.

## 8. Fundargerðir:

### a. Stjórnar SSNV, 20.10.2016

Fundargerðin var til kynningar.

### b. Aðalfundur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, 23.09.2016

Fundargerðin var til kynningar.

### c. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 12.10.2016

Fundargerðin var til kynningar.

### d. Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 2.09.2016

Fundargerðin var til kynningar.



## 9. Önnur mál

### a) Bréf foreldraráðs Barnabóls

Fyrir fundinum lá bréf foreldraráðs Barnabóls, dags. 15. nóvember 2016

Foreldraráð bendir á að mikil þörf er á uppfærslu á útsvæði við leikskólann. Sveitarstjórn ræddi erindið og kom fram að oddviti og sveitarstjóri hafi nýverið rætt við stjórnendur Hjallastefnu þar sem lóðin var m.a. til umræðu og þar hafi komið fram vilji þeirra um að móta frágang lóðarinnar í anda Hjallastefnunnar. Erindinu vísað til úrvinnslu fjárhagsáætlunar og áframhaldandi samráðs við stjórnendur Hjallastefnunnar.

### b) Reglur um stuðning v. Dreifnáms

Fyrir fundinum lá tillaga að stuðningi við akstur nemenda Dreifnáms FNV á Blönduósi. Reglurnar eru að mestu byggðar á eldri reglum sem giltu fyrir skólaárið 2014-2015.

Róbert lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um málið og vék af fundi.

Sveitarstjórn samþykkti fyrirbyggjandi tillögu þar sem gert er ráð fyrir að styrkur nemi 50 þús. kr/önn.

### c) Umsókn um styrk til Uppbyggingarsjóðs Nl. vestra

Sveitarstjóri gerði grein fyrir umsókn um styrk til Uppbyggingarsjóðs til uppsetningar upplýsingaskilta um gömlu verslunarstaðina á Skagaströnd og bæjarstæða Höfðahóla og Spákonufells.

Samþykkt að senda umsókn til Uppbyggingarsjóðs.

### d) Hækkun á launum kjörinna fulltrúa vegna ákvörðunnar Kjararáðs

Sveitarstjórn samþykkti að hafna hækkun á launum kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn, nefndum og ráðum Sveitarfélagsins Skagastrandar, sem leiddi af ákvörðun Kjararáðs um hækkun þingfararkaups um 44% þann 29. október sl.

### e) Ýmis erindi og mál sem hefur verið unnið að

Oddviti gerði grein fyrir málum sem hefur verið unnið að á milli funda. Umræður urðu um ýmis mál, atvinnumál og þjónustu.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 11.05

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson